

## 5. gr.

181

- a. Stjórn sjóðsins á stjórn kvenfélagsins að sjá um, færslu minningargjafasjóðs og reikningshald. 3. okt.
- b. Ekki skal veitt fé úr sjóðnum nema með samþykki lögmæts kvenfélagsfundar.
- c. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu endurskoðendur kvenfélagsreikninganna einnig endurskoða árlega reikninga sjóðsins.

## 6. gr.

Sjóðnum skal varið til líknar- og menningarmála, svo sem 1) til hjálpar bágstöðdu fólki, til að gleðja veikt fólk, gamalmenni eða börn, 2) til skógræktar í sveitinni eða til annarra þjóðþrifamála, sem kvenfélagið telur nauðsyn að styrkja á hverjum tíma.

## 7. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn að upphæð kr. 5000.00 má veita úr honum í fyrsta sinn, og síðar eftir því sem kvenfélagið ákveður, en þann höfuðstól má þó aldrei skerða.

## 8. gr.

Ef Kvenfélag Lunddæla hættir störfum, skulu 3 konur, kosnar af búsettum konum í sveitinni, annast sjóðinn og fara með eftir þeim reglum, er kvenfélagið hefur ákveðið samkvæmt framanskráðu.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

F. h. Kvenfélags Lunddæla, 1. maí 1947.

Þórunn Vigfúsdóttir.

## AUGLÝSING

182

16. okt.

um frest til endurnýjunar á vernd skrásettra erlendra vörumerkja.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, veitist hér með frestur til 31. desember 1947 til að endurnýja vernd þar greindra skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna ákveður.

Vernd sú fyrir skrásett erlend vörumerki, sem veitt er með téðum lögum, skal falla niður frá árslokum 1947 að telja, hafi vörumerkjaskráritara ekki borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar áður en framangreindur frestur er útrunninn.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*